

AUGLÝSING

um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla.

1. gr.

Með vísan til 21. og 23. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, með áorðuðum breytingum, staðfestir mennta- og menningarmálaráðherra hér með breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla, dagsettri 16. maí 2011, sbr. auglýsingu nr. 674/2011.

Í stað kafla 10.4 *Íþróttir, líkams- og heilsurækt* kemur nýr kafli með sama heiti sem birtur er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 29. september 2016.

Illugi Gunnarsson.

Ásta Magnúsdóttir.

Fylgiskjal.

Kafli 10.4 Íþróttir, líkams- og heilsurækt.

Í framhaldsskólum skipar námsgreinin íþróttir, líkams- og heilsurækt mikilvægan sess í heilsu-
uppeldi og heilsurækt nemenda. Lykilhæfni um heilbrigði og velferð snýr að vitund nemandans um
eigin ábyrgð á líkamlegu, andlegu og félagslegu heilbrigði sínu. Meginmarkmið námsgreinarinnar
eru að auka skilning nemenda á mikilvægi heilbrigðs lífferniss með fræðslu og að þeir tileinki sér
aðferðir í heilsurækt sem leggja grunn að heilbrigðum lífsháttum og jákvæðum samskiptum.

Við skipulag námsbrautalýsinga og framkvæmd skal þess gætt að nemendur geti stundað íþróttir,
líkams- og heilsurækt á hverri önn.